

„Viltu virkilega taka ópektum umkomulausum og fátækum manni? Þú sem ert svo fúgur, mentuð og rík“.

„Þú ert mér ekki ókunnugur, elsku Hugh! Ég hefi ekki verið svo blind að sjá ekki sjálf afneitun þína og frábæra göfuglyndi. Það er satt að ég veit ekkert um ætt þína, en ég er hæst-ánægð með þig eins og þú ert. Ég hefi nægan auð handa okkur báðum og getum við farið hédan. Þar sem svo margt ógeðfellt hefir komið fyrir okkur bæði. Við þurfum ekki að óttast neitt í framtíðinni“.

„Elskulega, göfuglynda Alice!“ sagði Hugh, um leið og hann faðmaði hana að sér og þrýsti á varir hennar fyrsta brennheita ástarkossi sínum.

„Svo þú vilt giftast mér eins og er, eða heldur eins og þú hefir mátt álíta mig. Nei, Alice, ég gæti ekki þolað það. Sá maður sem þú giftist, verður að vera þér samboðinn að ætt og efnum. Og hann verður það líka“.

Stöðan sagði Hugh Alice um uppruna sinn og ætt, sem lesarinn veit um.

*Arnþjotur B. Olsen*